

**María Káradóttir,  
settur lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu  
Hverfisgötu 113  
105 Reykjavík**

Reykjavík, 28. apríl 2026  
Mál nr. F4/2026

Nýlega hefur málsmeðferð vegna ákvarðana lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um afturköllun skotvopnaleyfa vakið athygli umboðsmanns Alþingis, meðal annars í kjölfar ábendinga þar að lútandi. Sérstaka athygli vakti að samtímis virtist tilkynnt um afturköllun og þeim, sem hún beindist að, var boðið að koma á framfæri andmælum af sama tilefni.

Í þeim ákvörðunum, sem vöktu athygli umboðsmanns að þessu leyti, er þannig tilkynnt um að skotvopnaleyfi sé afturkallað en síðar í sama bréfi er á hinn bóginn veittur frestur í fimm til sex daga til að koma á framfæri andmælum eða öðrum athugasemdum. Fram kemur að berist slík andmæli ekki innan frestsins taki ákvörðunin gildi á tilgreindum degi. Komi aðili á framfæri andmælum virðist málsmeðferðin með þeim hætti að hann fái þá sent annað bréf þar sem er að finna ákvörðun í sama máli en þá að teknu tilliti til andmælanna. Í þeim ákvörðunum, sem umboðsmaður hefur undir höndum, var um að ræða óbreytta ákvörðun að teknu tilliti til andmæla, þ.e. afturköllun skotvopnaleyfis.

Í tilefni af framangreindu og með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess óskað að lögreglustjóri veiti umboðsmanni neðangreindar upplýsingar og skýringar.

1. Að upplýst verði hvort framanlýst málsmeðferð þar sem ákvörðun er tilkynnt samfara því að aðila er boðið að koma á framfæri andmælum tíðkist almennt hjá embættinu. Er þess óskað að upplýst verði við hvaða aðstæður slík málsmeðferð sé viðhöfð.
2. Að afhent verði ljósrit af síðustu tíu bréfum þar sem handhöfum skotvopnaleyfa er tilkynnt um afturköllun skotvopnaleyfis. Sé um það að ræða að fyrst hafi verið tilkynnt um ákvörðunina og aðila samtímis boðið að koma á framfæri andmælum en síðar hafi á nýjan leik verið tilkynnt um ákvörðunina að teknu tilliti til andmæla, er þess óskað að bæði bréf séu afhent.
3. Að lögreglustjóri lýsi rökstuddri afstöðu sinni til þess hvort og, ef svo er, hvernig hann telur samrýmast 13. og 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að bjóða aðila máls fyrst að koma á framfæri andmælum þegar honum hefur verið tilkynnt um töku

ákvörðunarinnar, eftir atvikum með því fororði að ákvörðunin öðlist gildi síðar ef engin andmæli berist. Þá er þess jafnframt óskað að upplýst verði hvernig gætt er ákvæða 14. og 15. gr. stjórnslulaga um tilkynningu um meðferð máls og upplýsingarétt við málsmeðferð embættisins að þessu leyti.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 18. maí nk.

Virðingarfyllt,

f.h. umboðsmanns Alþingis

  
Þorsteinn Davíð Stefánsson